

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK

SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

159. FUNDUR.

Árið 2009, föstudaginn 28. ágúst kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 159. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 13:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Oddviti kynnti.

- a) Fundargerð 604. fundar. 15. júní. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
 - b) Fundargerð 605. fundar 22. júní. Fundargerð í 7 liðum. Sveitarstjóri lagði fram svör við fyrirspurnum frá Oddi Sigurðarsyni svohljóðandi: „Vegna fyrirspurna frá Oddi Sigurðarsyni á 605. fundi byggðarráðs þann 22. júní nk. skal eftirfarandi upplýst: A) Íþrótt- og tómstundafulltrúi tók ákvörðun um að fjarlægja grindur sem afmörkuðu hlaupabrautir og annan búnað á íþróttavelli í Kirkjuhvammi enda var ástand þess engan veginn í samræmi við leikreglur FRÍ. Umrædd ákvörðun var ekki borin undir byggðarráð né sveitarstjórn.
B) Fram hefur komið að reglubundið eftirlit með viðhaldi girðinga á einstökum jörðum eða landspildum í eigu sveitarfélagsins sem leigðar hafa verið út hefur ekki verið framkvæmt. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
 - c) Fundargerð 606. fundar 6. júlí. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
 - d) Fundargerð 607. fundar 27. júlí. Fundargerð í 9 liðum. Fundargerðin samþykkt með 6 atkvæðum.
 - e) Fundargerð 608. fundar 10. ágúst. Fundargerð í 6 liðum. Lögð var fram svohljóðandi bókun vegna 5. liðar: „Oddur Sigurðarson gerir athugasemdir við málsmeðferð skipulags- og umhverfisráðs. Um er að ræða 6. lið 163. fundar skipulags- og umhverfisráðs hvað varðar samþykkt erindis áður en til grenndarkynningar kemur samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, 7. mgr. 43. gr. um grenndarkynningu.“ Borinn undir atkvæði 5. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
 - f) Fundargerð 609. fundar 17. ágúst. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum. Samþykkt var með 7 atkvæðum tillaga oddvita að taka á dagskrá fundarins fundargerð 107. fundar fræðsluráðs. Einnig 7. og 10. lið 163. fundar skipulags- og umhverfisráðs.
2. Fundargerð 107. fundar fræðsluráðs 12. ágúst. Fundargerð 1 liður. Lögð var fram svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða tillögu skólustjóra um að vikulegar kennslustundir í Grunnskóla Húnaþings vestra

skólaárið 2009-2010 verði alls 444.“ Fundargerðin ásamt framangreindri tillögu borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerðir skipulags- og umhverfisstjórnar.

a) Fundargerð 163. fundar, liðir 7, a,b og c, og 10. liður. Lagðar voru fram og afgreiddar eftirfarandi tillögur:

1.Fundargerð 163. fundar skipulags- og umhverfisstjórnar 7. dagskrárliður A.
„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða tillögu um breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014, breytingu á þéttbýlisuppdrætti Hvammstanga, Höfðabraut, Eyrarland og Búland.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkv. gegn 1.

2.Fundargerð 163. fundar skipulags- og umhverfisstjórnar 7. dagskrárliður B.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fresta afgreiðslu á tillögu um breytingu á deiliskipulagi Athafnasvæðis við Búland á Hvammstanga, þar til breyting á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 sbr. afgreiðslu á dagskrárlið 7A hefur öðlast staðfestingu.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3.Fundargerð 163. fundar skipulags- og umhverfisstjórnar 7. dagskrárliður C.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fresta afgreiðslu á tillögu um deiliskipulag Smábýla austan Höfðabrautar á Hvammstanga, þar til breyting á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 sbr. afgreiðslu á dagskrárlið 7A hefur öðlast staðfestingu.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4.Fundargerð 163. fundar skipulags- og umhverfisstjórnar 10. dagskrárliður.

„Að fenginni umsögn skipulags- og umhverfisstjórnar samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að Hesteigendafélagi Hvammstanga verði leigt beitarland í landi Kirkjuhvamms ofan skógræktargirðingar og beitarhólfs sem félagið hefur nú til umráða. Skilyrði leyfisveitingarinnar er að einungis verði um haustbeit að ræða, að samkomulag verði um afmörkun svæðisins og girðingarstæði og að girðing umhverfis umrætt beitarhólf verði fjárheld. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við félagið og leggja fyrir byggðarráð til staðfestingar. Að fenginni umsögn skipulags- og umhverfisstjórnar hafnar sveitarstjórn beiðni Hesteigendafélags Hvammstanga um úthlutun beitarhólfs milli Eyrar og smábýlalóða vestan Höfðabrautar á Hvammstanga.“ Tillagan borin undir atkv. og samþykkt með 6 atkv. gegn 1.

b) Fundargerð 164. fundar 27. ágúst. Fundargerð í 2 liðum. Oddviti kynnti. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna liðar 1A: „Að fenginni umsögn skipulags- og umhverfisstjórnar samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra fyrir sitt leyti að heimila Landsneti hf. uppsetningu veðurmælingarstöðvar í landi Efra-Núps í Húnaþingi vestra“ Borinn undir atkvæði liður 1A ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna liðar 1B: „Að fenginni umsögn skipulags- og umhverfisstjórnar gerir sveitarstjórn Húnaþings vestra ekki athugasemd við landsskipti jarðarinnar Ásbjarnarness í Húnaþingi vestra sbr. niðurstöðu Héraðsdóms Reykjaness frá 24. júní sl.“ Borinn undir atkvæði liður 1B ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 16:45.

Ólafur B. Óskarsson(sign.),
Skúli Þórðarson(sign.),
Guðmundur St. Sigurðsson(sign.),
Stefán Böðvarsson(sign.),

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
P. Karl Eggertsson(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.),
Oddur Sigurðarson(sign.).